



**Tón fyrir tón -
skref fyrir skref**

EDDA AUSTMANN, SKÓLASTJÓRI

STARFIÐ 2025-2026

STARFSÁÆTLUN 2026-27

Tónskólinn í Reykjavík hefur verið starfræktur frá 1991 og nýtur framlaga frá Reykjavíkurborg í gegnum þjónustusamning. Skólinn býður upp á fjölbreytt tónlistarnám, í formi hóp- eða einkatíma. Skólinn hefur alla tíð stuðst við aðalnámskrá tónlistarskóla og útskrifað fjölda nemenda á grunn-, mið- og framhaldsstigi. Kennsla fer fram í Grafarvogi í höfuðstöðvum skólans í Hverafold 5, Grafarholti, Úlfarsárdal, Árbæ og Bústaðahverfi í sextán grunnskólum og tveimur kirkjum. Kennsla fer fram bæði á skóla- og frístundatíma. Starfræktar eru nokkrar hljómsveitir, strengjasveit, gítarsveitir og aðrar samsettar sveitir eða samspilshópar. Við skólann er starfræktur forskóli bæði í Grafarvogskirkju og Bústaðakirkju en flest forskólabörn sækja bæði kórtíma og hljóðfærasmiðju. Einnig er starfandi sönghópur fyrir unglinga. Forskólabörn og sönghópur mynda svo tvo kóra, Barna- og unglingakór Grafarvogs og Barnakór Fossvogs. Við skólann starfa 18 kennarar og árlegur nemendafjöldi er í kringum 270, þar af eru um 220 nemendur í einkanámi en aðrir sækja forskóla eða sönghóp. Skólinn er skipaður vel menntuðum og metnaðarfullum kennurum sem tileinka sér einstaklingsbundið leiðsagnarnám. Skólinn er í virku samstarfi við leik- og grunnskóla sem og aðra tónlistarskóla. Skólinn tekur þátt í allskyns hátíðahöldum hefur mikið vægi meðal menningarmiðstöðva í nærumhverfi starfstöðva og lífgar tónlistarlífið.

Kennt er eftir Aðalnámskrá tónlistarskóla en námið er einstaklingsmiðað leiðsagnarnám. Markmiðið er að gefa sem flestum nemendum tækifæri til að læra að leika á hljóðfæri, skapa tónlist og njóta hennar. Kennarar aðstoða nemendur við markmiðasetningu og að ná mælanlegum árangri. Nemendur leika á tónfundum og tónleikum, þreyta ýmist vorpróf eða stigspróf þar til þau eru tilbúin að ljúka grunn-, mið-, eða framhaldsprófi. Skólinn undirbýr nemendur fyrir tónlistariðkun uppá eigin spýtur sem og frekara nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi.

Meginmarkmið Tónskólans í Reykjavík er að veita vandaða tónlistarfræðslu, efla vitund og þekkingu ungmenna á tónlist, efla tónlistariðkun og tónlistarlíf. Markmiði skólans er framfylgt með:

- Kennslu í sem flestum greinum tónlistar, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni
- Að greiða aðgengi sem flestra nemenda að tónlistarnámi með úrvali um kennslutíma og kennslustaði
- Fjölbreyttu skilyrði nemenda til að þroska tónlistarhæfileika sína og tónlistarrýni, efla sjálfsmynd þeirra, sjálfstæði og sköpunargáfu
- Stuðla að velliðan, geðrækt og forvörnum
- Áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með ýmiskonar samleik, samvinnu og samtali
- Að veita nemendum tækifæri til að koma sem oftast fram, innan skólans sem utan
- Að undirbúa nemendur undir áframhaldandi nám í tónlist til að verða ýmist virkir þátttakendur í tónlistarlífinu eða neytendur

Kennslustöðvar: Ártúnsskóli, Borgaskóli, Bústaðakirkja, Engjaskóli, Dalskóli, Foldaskóli, Fossvogsskóli, Grafarvogskirkja, Húsaskóli, Hvassaleitisskóli, höfuðstöðvar Hverafold, Ingunnarskóli, Rimaskóli, Réttarholtsskóli, Sæmundarskóla og Víkurskóli

NEMENDUR OG KENNARAR

Nemendafjöldi skólans hafði náð 180 þegar skólinn leið skerðingar eftir hrun og skorið var niður á annað stöðugildi til skólans. Vorið 2019 var fjöldi nemenda kominn niður í 150 og enginn forskóli starfræktur. Eftir endurreisn forskólans og aukna kennslu út í grunnskólum er nemendafjöldinn kominn í 270. Kennarar skólans eru 18 talsins, allir mjög vel menntaðir og með mikla starfsreynslu.

Skólastjóri

Edda Austmann gegndi starfi aðstoðarskólastjóra frá árinu 2022 við hlið Sigríðar Árnadóttur en tók við starfi skólastjóra árið 2023. Áður var Edda deildarstjóri og kennari forskólans sem hún endurvakti árið 2019. Edda hefur lokið meistaraprófi í söng og tónlist og söngkennaraprófi frá Royal Academy og Music og Royal Conservatoire of Scotland. Hún lauk síðar meistaraprófi í markaðsfræðum og alþjóðaviðskiptum frá Háskóla Íslands og kennsluréttindum frá Listaháskóla Íslands.



Edda starfaði sem verkefnastjóri og síðar markaðstjóri Hörpu á árunum 2011-2019 en þar á undan var hún tónmenntakennari og kórstjóri í Snælandsskóla og söngkennari í Sönglist, söng- og leiklistarskóla í Borgarleikhúsinu. Edda kemur reglulega fram sem einsöngvari á tónleikum eða kirkjulegar athafnir og með kammerkór en söng áður hjá Íslensku óperunni, Zurich óperunni og Garsington óperunni. Hún gegnir formennsku hjá Samtökum tónlistarskóla í Reykjavík, situr í stjórn Klassís, fagfélags klassískra söngvara og er varamaður í Þjóðleikhúsráði.

Kennarar

Andrew J. Yang	píanó
Antonia Hevesi	píanó og meðleikur
Arndís Björk Ásgeirsdóttir	píanó
Auður Guðjohnsen	forskóli og söngur
Auður Hafsteinsdóttir	fiðla og strengjahljómsveit
Francisco Javier Jáuregui	gítar
Gunnar Karel Másson	tón- og hljómfræði, tónheyrn og saga
Halldór Pétur Davíðsson	harmóníka
Hjalti Þór Davíðsson	píanó
Jónas Sen	píanó
Katrin Heymann	píanó og þverflauta
Kristófer Hlífur Gíslason	gítar og píanó
Matthías Stefánsson	fiðla
Petia Benkova	píanó
Sævar Helgi Jóhannsson	píanó
Victoria Tarevskaja	selló og píanó
Þorgrímur Þorsteinsson	tónfræði og gítar
Björg Pálsdóttir	forskóli

Skólastig

Í kringum 4% nemenda eru á framhaldsstigi, 10% á miðstigi, 65% á grunnstigi og 21% á forskólastigi. Hér fyrir neðan má sjá algenga skiptingu milli deilda. Ánægjulegt er að hlutfall nemenda í strengjadeild skólans hækkar frá síðasta ári úr 9% í 11%. Dreifing kennslu eftir hverfum sýnir að stækkun skólans verður til með kennslu í Grafarholti, Úlfarsárdal og Bústaðahverfi.



Áfangapróf

23 nemendur luku áfangaprófum skólaárið 2025-2026

Árlega hafa 15 - 20 nemendur lokið áfangaprófi og hefur farið fjölgandi með ári hverju. Aldrei hafa fleiri nemendur lokið áfangaprófi á einu skólaári.

17 nemendur grunnprófi

6 nemendur miðprófi

Aron Kári Guðmundson	grunnpróf	gítar
Guðmundur Jón Elíasson	grunnpróf	gítar
Matthildur Heba Petersen	grunnpróf	píanó
Guðsteinn Einarsson	grunnpróf	píanó
Lilja Karen Jóhannsdóttir	grunnpróf	píanó
Kinga Kuźniewska	grunnpróf	píanó
Fannar Smári Jóhannsson	grunnpróf	söngur
Svandís Eva Brynjarsdóttir	grunnpróf	söngur
Steinunn Harpa Eiðsdóttir	grunnpróf	píanó
Tómas Andri Þorgeirsson	grunnpróf	píanó
Árný Helga Jóhannsdóttir	grunnpróf	píanó
Margrét Lilja Erlingsdóttir	grunnpróf	þverflauta
Thelma Kristín Hjartardóttir	grunnpróf	þverflauta
Baghdad Wesam Kathir	grunnpróf	píanó
Una Elísabet Einarsdóttir	grunnpróf	píanó
Auður Andradóttir	grunnpróf	píanó
Sandra Karen Vilhelmsdóttir	grunnpróf	píanó
Arnar Gabríel Alexson	miðpróf	píanó
Júlía Björt Sigursteinsdóttir	miðpróf	píanó
Kolbeinn Tumi Kristjánsson	miðpróf	píanó
Aurora Sigurrós Colodrero	miðpróf	þverflauta
Ísak Ernir Guðmundsson	miðpróf	harmóníka
Vigdís Lilja Þórólfsdóttir	miðpróf	píanó

VIÐBURÐIR SKÓLAÁRSINS

Kennarar skólans hefja skólaárið með því að sækja svæðisþing tónlistarskólanna sem gefur tóninn fyrir skólaárið. Kennarar stilla svo saman strengi með skólastjóra á hádegisverðarfundum fjórum til sex sinnum yfir árið. Starfsdagar nýtast mest í skipulag innan og utan skóla, í ráðstefnur og fræðslu. Í lok nóvember er haldinn jólafögnuður og vorfögnuður í maí. Hefð er fyrir námsferðum erlendis annað hvert ár í lok skólaárs.

Tónskólinn í Reykjavík tekur virkan þátt í ótal hátíðarhöldum yfir skólaárið. Meðal annars Unglist, jólahátíðum, viðburðum foreldrafélaga, Söngvavori á Barnamenningarhátíð, Upplestrarhátíðinni í Grafarvogskirkju, Nótunni, listahátíðum, æskulýðsdögum og vorhátíðum. Nemendur skólans komu fram á yfir 70 viðburðum, tónleikum og tónfundum skólaárið 2025-26. Í haust voru haldnir spunatónfundir og á vorönn var haldin samspilsvika þar sem nemendum var boðið að sækja tíma hjá hvorum öðrum og prófa sig áfram í samleik eða hljómsetningum. Samspilsverkefni fengu svo að njóta sín á tónfundum, á Nótunni og á tónleikum skólans. Metnaður stendur til að fjölga sífellt viðburðum og viðburðastöðum með uppákomum í félags- og hjúkrunarheimilum aldraðra, fleiri menningarhúsum og með fleiri uppákomum innan grunnskólanna í samstarfi við tónmenntakennara.

Helstu viðburðir 2025-2026

6.-14. nóvember	Spunatónfundir 11 talsins
16. nóvember	Barnakórar syngja í messum í Grafarvogs- og Bústaðakirkju
8. nóvember	Unglist - Ragnheiður Ósk Kjartansdóttir
29. nóvember	Nemendatónleikar á jólaföndri Foreldrafélags Fossvogsskóla
30. nóvember	Barnakórar syngja á aðventuhátíð Bústaða- og Grafarvogskirkju
30. nóv - 14. des	Nemendur leika við fimm messur í Grafarvogs-, Grensás- og Bústaðakirkju
6. desember	Þrennir jólatónleikar í Menningarhúsinu Spönginni
9.-18. desember	10 jólatónleikar í sal skólans
13. desember	Barna - og unglingakór skólans syngur á jólatónleikum Grafarvogskirkju
2.-6. febrúar	Samspilsvika - nemendur heimsækja kennslustundir

1. mars	Nemendur skólans leika í fernum æskulýðsmessum í Grafarvogs-, Guðríðar- og Bústaðakirkju
17.-18. mars	Söngvavor - leikskólabörn heimsækja tónlistarskólann
18. mars	Upplstrarhátíð í Grafarvogskirkju - Nemendur leika
25. mars	Auglýsingastofa kvikmyndar nemendur fyrir herferð Nótunnar
9.-26. mars	Tónfundir 11 talsins
18. apríl	Nótan í Ráðhúsi Reykjavíkur - 16 nemendur leika
21. apríl	Tvennir tónleikar Söngvavors í Eldborg
21. apríl	Sönghópur hljóðritar með hljómsveitinni Spacestation
9. maí	Þrennir tónleikar skólans í Grafarvogskirkju
10. og 17. maí	Barnakórar skólans koma fram á Vorhátíðum
11.-28. maí	Vortónleikar skólans í sal skólans tíu talsins
20.-28. maí	Áfangapróf, vorpróf og afhending vitnisburða
Apríl-júlí	Starfsmannasamtöl, nýráðningar, innritun, áætlanagerð, innra mat og frágangur.

Nótan - uppskeruhátíð tónlistarskólanna

Nótan var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur að þessu sinni. Hún var glæsilegri en nokkru sinni. Á undibúningtímanum heimsótti auglýsingastofa tónlistarskólana í Reykjavík og mynduðu æfingaferlið sem var svo birt á samfélagsmiðlum. Hver tónlistarskóli var með kynningu á sínum skóla þar sem gestir og gangandi gátu átt samtál við stjórnendur og kennara.



Barnamenningarhátíð - Söngvavor

Tónskólinn í Reykjavík tekur þátt í Söngvavori á Barnamenningarhátíð í Hörpu þar sem hljómsveitir tónlistarskólanna leika undir söng leikskólabarna. Alls stigu um 1400 leikskólabörn og tónlistarnemendur á svið Eldborgar í Hörpu. Á undirbúningstímanum



fengu leikskólabörn, að heimsækja tónlistarskólann, æfa með hljómsveit skólans og fá hljóðfærakynningu. Í ár voru sungin lög eftir Dr. Gunna við frábærar undirtektir. Verkefnið er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Barnamenningarsjóðs, Tónskóla Sigursveins, Tónskólans í Reykjavík, Tónmenntaskóla Reykjavíkur, Allegro Suzuki tónlistarskóla og í ár bættist við Tónskóli Eddu Borg.

EINKANÁM

Tónskólinn í Reykjavík býður upp nám á hin ýmsu hljóðfæri, þar á meðal píanó, gítar, fiðlu, selló, þverflautu, söng og harmóníku. Kennt er samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Að jafnaði fer hljóðfæranám fram í einkatímum. Í fullu námi fær nemandinn 2x 30 mínútna kennslu í aðalgrein í viku hverri. Fyrir yngri börn er einnig boðið upp á 2x 20 mínútna kennslu í viku sem telst 66% nám eða hálft nám sem er 30

mínútur á viku. Í náminu er lögð áhersla á samleik af ýmsu tagi og að nemendur komi fram á tónleikum innan skólans, sem utan. Til að auka aðgengi barna að tónlistarnámi býður skólinn nú upp á samkennslu fyrir byrjendur. Námið er í anda einkanáms nema tveir nemendur sækja þá tíma saman og fá þess í stað lengri tíma með kennara.

Samhliða hljóðfæranámi sækja nemendur, 10 ára og eldri, tíma í tónfræðagreinum. Í grunn- og miðnámi er um að ræða samþætt nám í tónfræði, tónheyrn, hlustun og sköpun. Yngri nemendur nema tónfræði undir handleiðslu hljóðfærakennara en stuðst er við námsefni eftir Magneu Gunnarsdóttur. Í framhaldsnáminu tekur við hljómfræði, tónheyrn og tónlistarsaga.



KENNSLUAÐFERÐ OG PRÓF

Leiðsagnarnám

Algengasta kennsluaðferð tónlistarskóla er leiðsagnarnám hvort sem kennarar notist við aðferðina meðvitað eða ómeðvitað. Aðferðina má greina í fimm þætti samkvæmt

Shirley Clarke en einnig má lesa um aðferðina hér <https://adalnamskra.is/greinar/leidsagnarmat> og í bók Nönnu Kristínar Christiansen, Hvað er leiðsagnarnám.



1. Kennari og nemandi koma sér saman um markmið.
 - Hver eru hæfniviðmiðin?
 - Hvað segir aðalnámskrá tónlistarskóla og okkar starfskenning?
 - Hverjar eru þarfir og óskir nemenda?
 - Hver er raunverulegur tilgangur námsins?
 - Hvað uppskera nemendur með námi og prófum?
2. Vörður markaðar í námi og skipulag. Markmið sett.
3. Endurgjöf kennara, samnemenda, foreldra, sjálfsmat.
4. Áhugavakning, viðmið og fyrirmyndir.
5. Endurmat, ný markmiðasetning.

Tónfundir og tónleikar

Á hverri önn leikur hver nemandi á einum tónfundi og einum tónleikum hið minnsta. Undantekning er þar á ef nemandi er algjör byrjandi eða glímir við einhverjar hindranir.

Tónfundir geta tekið á sig margar myndir. Nemendur geta þar leikið verk í vinnslu eða lagt verk til hliðar með lokaflutningi. Sem dæmi má nefna:

- *Nemendatónfundi* þar sem nemandur hvers kennara hittast og leika verk sín fyrir aðra nemendur. Þá geta kennarar einnig skipst á nemendum og nemandur hlotið leiðsögn frá öðrum kennurum á tónfundi (masterclass). Nemendatónfundi skal gjarnan nýta sem lið í leiðsagnarnámi. Nemandi deilir þá gjarnan markmiðum sínum með flutningi á tilteknu verki eða önnur markmið sem hann hefur sett sér á önninni og hlýtur uppbyggjandi endurgjöf frá nemendum og kennurum. Nemendatónfundir eins og tónleikar geta líka haft ákveðin þemu. Þemað getur verið að leika áður æfð verk sem er í leiðinni hvatning til að halda eldri verkum í æfingu. Þemað getur einnig verið bundið við tónlistarstíl, spuna (kennari spilar hljóma og nemandur spinna laglínur yfir) eða frumsamin verk.
- *Foreldratónfundi* sem eru að miklu leyti í sniði tónleika en eru óformlegri. Slíka tónfundi má gjarnan nýta til að æfa ákveðna þætti eins og framsögn (nemandur kynna verkin og markmið sín) eða framkomu (líkamsburð, hneigingar og fleira). Kennari kynnir þá foreldrum fyrirfram hver markmið tónfundarins eru.
- *Tónfundi* þar sem foreldrum er boðið í einskonar viðtal og kennari sýnir hvernig kennslustund fer fram og nemandi leikur eitt verk í vinnslu. Í slíku viðtali fræðir kennari foreldra um sínar kennsluaðferðir og þann stuðning sem foreldrar geta



veitt nemandanum í tónlistarnáminu. Kennari getur nýtt slíkt viðtal til að ræða markmið og væntingar.

- *Tónfundir í grunnskólanum* þar sem nemendur leika fyrir framan bekkjarsystkini sín í grunnskólanum inn í kennslustund eða í samveru. Tónfundir geta verið skipulagðir í samráði við tónmenntakennara, umsjónarkennara eða deildarstjóra árganga. Tónflutningur má gjarnan sambætta við annað nám. Áhugavert er að tengja verk, tónskáld, tímabil eða heimshluta við annan lærdóm sem fer fram inn í skólaflokkinn. Víða er hefð fyrir söng á sal og þá væri tónlistarflutningur einnig viðeigandi.

Tónleikar nemenda geta farið fram innan skólans sem utan. Nemendur sem hafa sjálfstraust og getu leika gjarnan utan skóla við hin ýmsu tækifæri, sjá nánar hinar ýmsu upptökur og viðburði sem skólinn tekur þátt í hér að ofan.

Vorpróf

Á vorin þreyta nemendur vorpróf. Samkvæmt skóladagatali gefst kennurum kostur á að nýta vorprófsdaga til að standa fyrir formlegum vorprófum. Kennarar í fullu starfi geta nýtt tvo daga í vorpróf en einn dag séu þeir í hálfu starfi. Kennarar prófdæma sína nemendur með skriflegri endurgjöf. Nemendur geta þá ýmist undirbúið tvö verk eða eitt verk og viðeigandi tónstiga.

Annar valmöguleiki er að nemendur hljóti endurgjöf fyrir flutning verks eða verka á tónleikum. Kennarar veita sínum nemendum skriflega endurgjöf og eiga þá kost á að prófa tónstiga í kennslustund. Kjósi kennari að að vera með tónleikapróf þarf ekki að fella niður kennslu á vorprófsdögum í skóladagatali.

Stigspróf og áfangapróf

Áfangapróf og áfangapróf geta farið fram á haustönn, á miðri vorönn eða í maí.

Þegar nemendur þreyta stigspróf kemur prófið í stað einnar kennslustundar.

Kennarar prófdæma ýmist sjálfir í stigsprófum eða hjá hvor öðrum þegar tækifæri gefst til þess. Allar upplýsingar um áfangapróf má finna í prófahluta aðalnámskrár tónlistarskóla hvers hljóðfæris og á vefsíðu Prófanevndar.

STIGSPRÓF



NAFN NEMANDA _____ KENNITALA _____

NAFN KENNARA _____ FAG _____ STIG _____

NAFN DÓMARA _____ TEGUND PRÓFS A B C

VERKEFNI	HÁMARK/ LÁGMARK	EINKUNN	UMSÖGN
TÓNSTIGA OG BROTNIR HLJÓMAR	A)15/10 B)15/10 C)15/10		
ÆFING / EYFING	A)21/14 B)15/10 C)12/08		
VERK 1	A)21/14 B)15/10 C)12/08		
VERK 2	A)21/14 B)15/10 C)12/08		
VERK 3	A) ——— B)15/10 C)12/08		
VERK 4	A) ——— B) ——— C)12/08		
LESTUR AF BLAÐI	A)12/08 B)15/10 C)15/10		
HEILDARSÍFUR	10/07		
EINKUNN SANTALS	100/67		
EINKUNN Í BOKSTÖFUM		AG MC C V E	

ALMENN UMSÖGN PRÓFDÓMARA	DAGI OG UNDRISKRIFT KENNARA
SKYRNINGAR: A. PRÓF: TÓNLEIÐ, HLJÓÐ, EYFING, A. VERK, BLAÐ, OG HEILD B. PRÓF: TÓNLEIÐ, HLJÓÐ, EYFING, A. VERK, BLAÐ, OG HEILD C. PRÓF: TÓNLEIÐ, HLJÓÐ, EYFING, A. VERK, BLAÐ, OG HEILD D. PRÓF: TÓNLEIÐ, HLJÓÐ, EYFING, A. VERK, BLAÐ, OG HEILD	UNDRISKRIFT PRÓFDÓMARA

STRENGJAHljÓMSVEIT



Auður Hafsteinsdóttir er deildarstjóri strengjadeildar og stjórnar yngri strengjasveitum skólans. Strengjasveitin kemur fram á tónleikum skólans og á öðrum uppákomum. Strengjasveitin hefur meðal annars komið fram á svæðistónleikum Nótunnar.

Auður lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hún stundaði framhaldsnám við New England Conservatory í Boston og lauk Bachelor of Music gráðu með hæstu einkunn. Auður lauk Master of Music gráðu frá University of Minnesota. Auður hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir leik sinn. Auður hefur komið víða fram sem einleikari og í kammermúsik á alþjóðlegum vettvangi, m.a í

Bandaríkjunum, Kanada og víða á meginlandi Evrópu. Einnig hefur hún farið í tónleikaferðir til Japan og Kína. Auður hefur leikið inn á fjölda geisladiska fyrir innlend og erlend útgáfufyrirtæki og fengið frábæra dóma fyrir leik sinn.

Eldri strengjanemendur skólans spila í sameiginlegri hljómsveit skólans og Allegro Suzukitónlistarskóla. Sú sveit leikur til dæmis á Söngvavori á Barnamenningarhátíð í Hörpu. Stjórnandi sveitarinnar er Guðmundur Kristmundsson víóluleikari og fiðlukennari sem lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1986 og UM prófi frá Brabantsconservatorium de Tilburg í Hollandi 1990. Hann hefur komið fram víða um heim sem félagi í Bernardel kvartettinum, EPOS kvartettinum og kammerhópnum Cammerarctica. Guðmundur kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík hefur verið fastráðinn við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1990. Hann hefur komið fram sem einleikari með hljómsveitinni. Guðmundur fékk úthlutað starfslaunum listamanna 2000 - 2002.

GÍTARSVEIT

Gítardeildin í tónlistarskólanum hefur stóreflst síðustu ár og meiri áhersla er lögð á samspil í gítarsveit. Gítarnemendum hafði fjölgað úr 25 árið 2021 í 52 árið 2026. Samspil eykur leikgleði meðal nemenda og eflir þá mjög félagslega. Frá haustinu 2024 hefur Javier gegnt hlutverki deildarstjóra og stýrir öllum gítarsveitum skólans. Hans markmið eru að efla leiðsagnarnámið og fjölga stigsprófum innan gítardeildarinnar til að auðvelda gítarnemendum að ljúka grunnprófi. Javier hefur einnig metnað til að mynda rytmískar hljómsveitir með samstarfi við bassa- og trommunemendur úr öðrum skólum.



Javier lærði tónlist og viðskiptafræði í Saint Louis University í Madrid og lauk jafnframt gítarkennaraprófi frá Royal Academy of Music. Síðar lauk hann meistaranámi frá Guildhall School of Music and Drama. Javier hefur gefið út geisladiska með eiginkonu sinni Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur mezzosópran. Hann hefur áralanga reynslu af gítarkennslu, tónleikahaldi og stjórnun í Madrid, London og Íslandi.

FORSKÓLINN

Tónskálinn í Reykjavík býður upp á fornám til tveggja ára. Flest börn hefja námið í fyrsta eða öðrum bekk. Forskólinn er alhliða tónlistarnám en miðar jafnframt að því að undirbúa börn undir einkanám á hljóðfæri. Kennt er í hóp og áhersla lögð á að veita alhliða tónlistarþjálfun með sampili, sköpun, spuna, hlustun, hreyfingu, kroppaklappi og hrynleikjum. Á fyrra forskólaári er áhersla lögð á röddina, blokkflautu, ásláttarhljóðfæri, sílófón og önnur Orff hljóðfæri. Á seinna ári læra börnin á ukulele og hljómborð en jafnframt er mikil áhersla á söng. Vegna eftirspurnar býður skólinn nú upp á sönghópa fyrir nemendur sem hafa lokið tveimur árum í forskóla. Í sönghópum halda börnin áfram að rækta raddir sínar og samsöng samhliða einkanámi á hljóðfæri. Forskólinn og sönghópar mynda kóra skólans sem koma reglulega fram á skólaárinu. Kennarar forskólans eru Auður Guðjohnsen og Björg Pálsdóttir.



Auður Guðjohnsen hefur lokið mastersnámi í listkennslu frá Listaháskóla Íslands. Áður lauk hún Burtfarar- og söngkennaraprófi frá Söngskólanum í Reykjavík. Auður er mezzósópran og hefur víða komið fram hérlandis sem og erlendis. Hún hefur unnið áralangt við tónlistarsköpun og söng með börnum innan sem utan skólakerfisins og gaf

út söngbók fyrir börn, *Tónlistin er þín*, www.tonafondur.com. Auður starfar við tónsmíðar, söng, barnakórstjórn og tónlistarkennslu á Íslandi.

SAMSTARF

Leikskólar

Skólinn starfar samkvæmt *Stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030* og er í virku samstarfi og samtali við leikskóla Grafarvogi, Grafarholti, Úlfarsárdal og Fossvogi. Tónskólinn í Reykjavík býður upp í leikskólaheimsóknir í tengslum við leikskólaverkefnið Söngvavor á Barnamenningarhátíð.

Grunnskólar

Skólastjórn er í virku samtali við grunnskóla þar sem skólinn er með starfstöðvar og vinnur stöðugt að því að koma á samstarfi milli tónlistarkennara og grunnskólanna.

Kennsla í grunnskólum kallar á samtal milli fleiri hagamunaaðila. Tónlistarkennarar þurfa að eiga í samtali við umsjónarkennara og listgreinakennara til að stilla saman strengi eða tengja tónlistina við annað nám. Þetta samtal getur átt sér stað óformlega á göngum skólans í upphafi skólaárs þar sem tónlistarkennari kynnir sig og óskar eftir virku samtali og samstarfi. Tónlistarkennarar þurfa að verða sér út um skóladagatal hvers skóla og vera í samtali við skrifstofuna til að fá vitneskju um þemadaga eða ferðir. Séu grunnskólar lokaðir þegar kennsla á að fara fram, býður kennari nemanda að sækja tíma í tónlistarskólann. Það er undir nemendum eða foreldrum komið hvort boðið er þegið. Foreldrar bera ábyrgð á námi barnanna og að fylgja námi eftir í þeim tímum sem þeir missa úr. Foreldrar eiga að upplýsa skólann um að börn verði tekin úr kennslustund til að sækja tónlistartíma og hvenær. Þetta ítreka kennarar þegar tímar eru skipulagðir með foreldrum.

Aðrir tónlistarskólar

Skólahljómsveitin og Tónskólinn í Reykjavík vinna náið saman í upphafi skólaárs til að skipuleggja nýtingu á kennslurýmum sem standa til boða innan grunnskólanna. Með þátttöku í Söngvavori er skólinn í samstarfi við Tónskóla Sigursveins, Allegro Suzuki tónlistarskóla, Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Tónskóla Eddu Borg. Skólastjóri er í stjórn Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík sem vinnur náið með Samtökum tónlistarskólalastjóra á landsvísi. Skólastjóri sækir alla viðburði félaganna til að vera upplýstur, í virku samtali og vinna að framþróun og uppbyggingu tónlistarnáms á Íslandi.

STARFSÁÆTLUN 2026-2027

Nemendafjöldi dregst eitthvað saman milli ára þar sem fjárhæð þjónustusamnings Reykjavíkurborgar til tónlistarskólans helst óbreytt þrátt fyrir launahækkanir. Stefnt er að að taka þátt í öllum þeim viðburðum sem upp eru taldir að ofan á komandi starfsári.

Þrír kennarar láta láta af störfum vorið 2026 og tveir hafa verið ráðnir inn í staðinn. Þórunn Día Steinþórsdóttir tekur við af Björgu Pálsdóttur og mun kenna forskóla ásamt Auði Guðjohnssen. Francesco Rista tekur við gítarkennslu Kristófers Hlífars Gíslasonar. Gunnar Karel Másson lætur einnig af störfum. Victoria Tarevskaja sellókönnari fer í árs námsleyfi frá störfum en Ólöf Sigursveinsdóttir mun leysa hana af.



Áfram verður mikil áhersla lögð á samspil og unnið að því að mynda litlar samspilssveitir með blöndun hljóðfæra. Tónfundir haustsins verða áfram bundnir þemu sem kennarar kjósa hverju sinni, sé það spuni, lagasmíðar, framkoma, hljómsætning eða annað. Uppbrotsvika verður framvegis samspilsvika þar sem nemendur sækja tíma hjá hvor öðrum og spreyta sig í samleik.

Foreldrahandbók og Heilbrigðis- og öryggisáætlun skólans eru nú birtar á heimasíðu skólans. Vonir standa til að ný aðalnámskrá líti dagsins ljós á næsta skólaári og eru skólastjórnendur í startholunum að aðlaga starf sitt að henni. Skólinn mun einnig vinna að umbótaáætlun sjálfmats skólans sem var framkvæmt vorið 2026.

Í október fara stjórnendur tónlistarskólastjóra í námsferð til Barcelona á vegum Samtaka tónlistarskólastjóra. Tónlistarskólar verða heimsóttir sem og menningarviðburðir. Ferðin verður vonandi mjög fræðandi og innblástur inn í skólastarfið.

Tónskólinn í Reykjavík og Allegro Suzuki tónlistarskóli munu áfram halda úti sameiginlegri strengjasveit og mynda eina stóra sveit með Tónmenntaskóla Reykjavíkur í leikskólaverkefninu Söngvavor. Tónskólinn í Reykjavík talar fyrir samstarfi tónlistarskóla og hefur óskað eftir samstarfi við nokkra tónlistarskóla í von um að samstarf leiði til samruna seinna meir og hægt verði að ná fram stærðarhagkvæmni svo auknir fjármunir renni til kennslu fremur en stjórnunar og yfirbyggingar.

Skólinn mun taka þátt í Unglist í haust. Aldrei hafa fleiri nemendur á framhaldsskólaaldri stundað nám á efri stigum innan skólans svo ekki verður erfitt að finna kandídat í hlutverkið.

Nótan verður stór næsta vor þar sem allir skólar landsins mætast í Hörpu tónlistarhúsi og bjóða fjölda stórtónleika. Skólinn stefnir á að senda eitt stór samspilsverkefni og dúó eða tríó.

SKÓLADAGATAL 2026-2027

Nafn skóla: _____

Skóladagatal 2026 - 2027

Samband íslenskra
svettarféлага

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ	
1. L	1. Þ	1. Þ	1. Þ	1. Þ	1. S	1. S	1. S	1. Þ	1. Þ	1. F	1. F	1. M	1. M	1. M	1. M	1. F	1. F	1. L	1. L
2. S	2. M	2. M	2. M	2. F	2. M	2. M	2. M	2. M	2. M	2. L	2. L	2. Þ	2. Þ	2. Þ	2. Þ	2. F	2. F	2. S	2. S
3. M	3. Þ	3. Þ	3. Þ	3. L	3. L	3. L	3. L	3. F	3. F	3. S	3. S	3. M	3. M	3. M	3. M	3. L	3. L	3. M	3. M
4. Þ	4. F	4. F	4. F	4. S	4. M	4. M	4. M	4. F	4. F	4. S	4. S	4. Þ	4. Þ	4. Þ	4. Þ	4. S	4. S	4. Þ	4. Þ
5. M	5. L	5. L	5. L	5. M	5. F	5. F	5. F	5. L	5. L	5. Þ	5. Þ	5. M	5. M	5. M	5. M	5. L	5. L	5. M	5. M
6. F	6. S	6. S	6. S	6. Þ	6. F	6. F	6. F	6. S	6. S	6. M	6. M	6. L	6. L	6. L	6. L	6. Þ	6. Þ	6. F	6. F
7. F	7. M	7. M	7. M	7. M	7. L	7. L	7. L	7. M	7. M	7. F	7. F	7. S	7. S	7. S	7. S	7. M	7. M	7. F	7. F
8. L	8. Þ	8. Þ	8. Þ	8. F	8. S	8. S	8. S	8. Þ	8. Þ	8. M	8. M	8. L	8. L	8. L	8. L	8. F	8. F	8. L	8. L
9. S	9. M	9. M	9. M	9. F	9. M	9. M	9. M	9. L	9. L	9. S	9. S	9. Þ	9. Þ	9. Þ	9. Þ	9. F	9. F	9. S	9. S
10. M	10. F	10. F	10. F	10. L	10. S	10. S	10. S	10. F	10. F	10. S	10. S	10. M	10. M	10. M	10. M	10. L	10. L	10. M	10. M
11. Þ	11. F	11. F	11. F	11. S	11. M	11. M	11. M	11. L	11. L	11. S	11. S	11. Þ	11. Þ	11. Þ	11. Þ	11. S	11. S	11. Þ	11. Þ
12. M	12. L	12. L	12. L	12. M	12. F	12. F	12. F	12. M	12. M	12. L	12. L	12. F	12. F	12. F	12. F	12. M	12. M	12. M	12. M
13. F	13. S	13. S	13. S	13. Þ	13. F	13. F	13. F	13. S	13. S	13. M	13. M	13. L	13. L	13. L	13. L	13. Þ	13. Þ	13. F	13. F
14. F	14. M	14. M	14. M	14. M	14. L	14. L	14. L	14. M	14. M	14. F	14. F	14. S	14. S	14. S	14. S	14. M	14. M	14. F	14. F
15. L	15. Þ	15. Þ	15. Þ	15. F	15. S	15. S	15. S	15. Þ	15. Þ	15. M	15. M	15. L	15. L	15. L	15. L	15. F	15. F	15. L	15. L
16. S	16. M	16. M	16. M	16. F	16. M	16. M	16. M	16. L	16. L	16. S	16. S	16. Þ	16. Þ	16. Þ	16. Þ	16. F	16. F	16. S	16. S
17. M	17. F	17. F	17. F	17. L	17. S	17. S	17. S	17. F	17. F	17. M	17. M	17. L	17. L	17. L	17. L	17. M	17. M	17. M	17. M
18. Þ	18. F	18. F	18. F	18. S	18. M	18. M	18. M	18. L	18. L	18. S	18. S	18. Þ	18. Þ	18. Þ	18. Þ	18. S	18. S	18. Þ	18. Þ
19. M	19. L	19. L	19. L	19. M	19. F	19. F	19. F	19. M	19. M	19. L	19. L	19. S	19. S	19. S	19. S	19. M	19. M	19. M	19. M
20. F	20. S	20. S	20. S	20. Þ	20. M	20. M	20. M	20. L	20. L	20. S	20. S	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. Þ	20. F	20. F	20. F	20. F
21. F	21. M	21. M	21. M	21. L	21. S	21. S	21. S	21. M	21. M	21. F	21. F	21. S	21. S	21. S	21. S	21. M	21. M	21. F	21. F
22. L	22. Þ	22. Þ	22. Þ	22. F	22. M	22. M	22. M	22. L	22. L	22. S	22. S	22. Þ	22. Þ	22. Þ	22. Þ	22. F	22. F	22. L	22. L
23. S	23. M	23. M	23. M	23. F	23. M	23. M	23. M	23. L	23. L	23. S	23. S	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. Þ	23. F	23. F	23. S	23. S
24. M	24. F	24. F	24. F	24. L	24. S	24. S	24. S	24. M	24. M	24. L	24. L	24. S	24. S	24. S	24. S	24. L	24. L	24. M	24. M
25. Þ	25. F	25. F	25. F	25. S	25. M	25. M	25. M	25. L	25. L	25. S	25. S	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. Þ	25. F	25. F	25. Þ	25. Þ
26. M	26. L	26. L	26. L	26. M	26. F	26. F	26. F	26. S	26. S	26. M	26. M	26. L	26. L	26. L	26. L	26. M	26. M	26. M	26. M
27. F	27. S	27. S	27. S	27. Þ	27. M	27. M	27. M	27. L	27. L	27. S	27. S	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. Þ	27. F	27. F	27. F	27. F
28. F	28. M	28. M	28. M	28. F	28. M	28. M	28. M	28. L	28. L	28. S	28. S	28. Þ	28. Þ	28. Þ	28. Þ	28. F	28. F	28. F	28. F
29. L	29. Þ	29. Þ	29. Þ	29. F	29. M	29. M	29. M	29. L	29. L	29. S	29. S	29. Þ	29. Þ	29. Þ	29. Þ	29. F	29. F	29. L	29. L
30. S	30. M	30. M	30. M	30. F	30. M	30. M	30. M	30. L	30. L	30. S	30. S	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. Þ	30. F	30. F	30. S	30. S
31. M				31. L				31. F	31. F	31. S	31. S			31. M	31. M			31. M	31. M

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 iðgbundnir skóladagar nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákvæðin í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningnum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.